

Sp.

51. Fyrirspurn

[51. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Hvað líður niðurstöðu úr úttekt þeirri og athugun á stöðu og rekstrarhorfum Sjóefnavinnslunnar sem iðnaðarráðherra ákvað að láta gera og fól Sigmundi Guðbjarnasyni rektor að hafa forustu fyrir?
2. Hafa aðrar athuganir verið gerðar á síðustu missirum á stöðu og þróun Sjóefnavinnslunnar og þá hverjar og hvernig eru niðurstöður þeirra?
3. Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um framtíð fyrirtækisins, uppbyggingu eða fjárfestingu frá því að skýrsla um fyrirtækið var til umræðu á síðasta löggjafarþingi?
4. Hverjar eru eignir og skuldir fyrirtækisins um þessar mundir og hvað er áætlað að þær verði um næstu áramót?
5. Hver hefur rekstrarárangur fyrirtækisins verið á fyrstu 7–8 mánuðum þessa árs, þar á meðal óskast upplýst um tekjur af sölu afurða, heildarrekstrarkostnað og hagnað eða tap?
6. Hvernig eru rekstraráætlanir fyrir næsta ár, sundurliðaðar á áætlað sölumagn, heildar-tekjur og helstu kostnaðarliði?